

Fundur í stjórn Prentsöguseturs 16. janúar 2016

Mættir: Haukur Már Haraldsson, Svanur Jóhannesson, Þórleifur Friðriksson, Svanhvít Stella Ólafsdóttir, Jón Sandholt og Þóra Elfa Björnsson.

- 1) Formaður setti fundinn.
- 2) Aðalfundur félagsins verður haldinn í lok mars eða laugardaginn 26. mars. Auglýsa þarf eftir lagabreytingum. Ákveðið að félagsgjald verði óbreytt. Þá var rætt um menningaratburð sem mætti bjóða upp á á fundinum, t.d. fá mann frá forlagi til að segja álit sitt á útgáfumálum í dag. Haukur sér um.
- 3) Prentdagurinn verður haldinn 5. febrúar nk. Prentsögusetri er boðið að vera með og var rætt um að fá t.d. prentara með litla vél í standi og ætlar Þórleifur að sjá um hafa samband við einn slíkan. Einnig þarf að hafa eitthvað kynnignarefni sem minnir menn á að skrá sig í félagið.
- 4) Flutningur tækja á Eyrarbakka. Haukur, Svanur og Heimir munu fara austur á næstunni til að skoða það rými sem býðst undir tæki frá Heimi.
- 5) Önnur mál. a) Fréttabréf PSS er komið út og hefur verið sent á félagsmenn, formaður sá um öflun efnis, umbrot og útsendingu. b) Um sögulegt gildi muna. Þórleifur sagði brýn að vanda valið hvað hentaði, t.d. stórar vélar. Fá þarf prentara til að skoða og einnig að skoða hjá Þjóðminjasafni hvað stendur til boða þar. c) Svanur nefndi að gott væri að tengja okkur við iðnminjasöfnin á Akureyri og Seyðisfirði.

Ritari: ÞEB